

31. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs 11. apríl 2017 kl. 16-18:45 í Hvolnum á Hvolsvelli.

Mætt: Ásgeir Magnússon Lilja Einarsdóttir (í forföllum Ísólfs Gylfa), Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Siguveinsson sem ritaði fundargerð. Auk þess sat Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og tengiliðirnir Beata Rukowska og Árný Lára Karvelsdóttir, en Þorbjörg Ása Jónsdóttir var í Skype sambandi. Ásgeir formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

- Styrkjамál jarðvangsins

Verkefni Geoskólar og Geosaga fengu styrki frá SASS og mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er þeim nú lokið. Tvær umsóknir til SASS nú í mars fengu ekki framgang, önnur varðandi sýnileika og hin varðandi framhald á verkefninu Geosaga.

- Samstarf

Nýlokið er marsfundi European Geoparks Network sem haldinn var á Írlandi. Þar var m.a. kynnt tvíreykt Tindfjallahangikjet sem SS lagði til og féll það mjög að bragðlaukum viðstaddra. Stöðuskýrslum var skilað til EGN (European Geoparks Network) og GGN (Global Geoparks Network). Norrænir jarðvangar hafa tekið upp samstarf sín á milli, fundur í Keflavík í febrúar og heimsókn til Kötlu jarðvangs. Framkvæmdastjóri fór á námskeið í Skotlandi um stígagerð í boði Landgræðslunnar í beinu framhaldi af fundinum á Írlandi. Gerður hefur verið Geoskóla samstarfssamningur við Hvolsskóla og stefnt er að slíkum samningum við hina grunnskólana tvo í jarðvanginum. Framkvæmdastjóri hefur fundað með ferðamáklösunum Friði og frumkröftum og VisitVík varðandi mögulega aðkomu fyrirtækja þeirra að jarðvangnum. Þorbjörg Ása hefur umsjón með gerð samstarfssamninga við fyrirtæki í jarðvanginum og hafa 10 fyrirtæki staðfest þátttöku sína hvað þetta varðar. Þá hefur verið gerður samstarfssamningur við Umhverfisstofnun um fræðslu og sýnileika á verndarsvæðum. Þá hefur verið fundað með Jónasi í Safe Travel varðandi öryggisskilti við Sólheimajökul. Einnig með Vatnajökulspjóðgarði varðandi mögulega tilnefningu þjóðgarðsins til Heimsminjaskrár UNESCO. Þá kom fram að láðst hafði að boða framkvæmdastjóra á skipulagsdag í Skaftárhreppi og var beðist velvirðingar á því.

- Náttúruvernd

Staðir á náttúruminjaskrá í jarðvangnum eru sumir undir vaxandi álagi vegna ferðamanna, t.d. Fjaðrárgljufur og Kvernugil. Rætt um friðlýsingu sem mögulega leið til að vernda staði undir álagi.

- Sýnileiki og markaðssetning

Búið að útbúa möppur og skrifblokkir merktar jarðvangnum (og UNESCO). Gerðir hafa verið fánar með UNESCO merkinu fyrir sveitarfélögin og skólana. Ákveðið að kaupa 10 pör af borðfánunum fyrir hvert sveitarfélag. Einnig eru í prentun skilti fyrir upplýsingamiðstöðvar. Þá verður nýr „flyer“ magnprentaður.

Árný kynnti gerð nýrra skilta, sem m.a. hafa verið hönnuð í samstarfi við Umhverfisstofnun. Þeim verður komið upp á fjölmörgum stöðum fyrir úttektina í sumar, ásamt límmiðum á núverandi fræðluskilti. Vegagerðin ætlar að koma upp aðkomuskiltum við jarðvangsmörkin. Árný hefur sömuleiðis haft umsjón með ferðamannkortum miðsvæðis Suðurlands/jarðvangsins í samvinnu við Markaðsstofuna, mikilvægt er að textar á bakhlið kortsins taki mið af sérstöðu viðkomandi staða sem jarðvættum (geosites). 3. tölublað fréttabréfs jarðvangsins kemur út eftir páska. Prenta þarf nýtt upplag af bæklingnum Dynamic destination og um Klaustursstíginn, bæði á ensku og íslensku.

Jarðvangsvika verður smærri í sniðum en stundum áður, en samt með nokkrum viðburðum, m.a. hlaupinu í Hjörleifshöfða.

GeoSaga sýning í Kötlusetri er í vinnslu, en ekki fékkst styrkur til hennar hjá SASS. Reynt verður að nýta annað fyrirliggjandi fjármagn. Uppfæra þarf heimasíðu jarðvangsins þannig að m.a. verði auðvelt að vísa í hana af heimasíðu Markaðsstofunnar, endurskoða þarf kort og texta, m.a. til að nýta á Lava Center á Hvolsvelli. Halda þarf kynningu fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva jarðvangsins og útvega því sérmerktan fatnað. Einnig að koma upp jarðvangshornum, t.d. á söfnum og upplýsingamiðstöðvum.

- Verkefnisstjóri hjá Kötlu jarðvangi

Farið var yfir drög að auglýsingu og þau afgreidd til birtingar.

- Fundur með Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna fjárframlags ríkisins

Ásgeir gerði grein fyrir fundinum sem haldinn var í gærmorgun en reiknað er með að gerður verði samningur fljótlega við ráðuneytið um ráðstöfun fjárens.

- Áfangastaðaáætlun – Management plan

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir heimsóknum NOHNIK í vor og haust til að vinna í málinu. Gert er ráð fyrir hálf dags vinnufundum með fulltrúum sveitarfélaga, landeigenda og ferðaþjónustuaðila föstud. 5. maí kl. 13 í Hvolnum, miðvikudag. 14. júní kl. 12 í Vik og miðvikud. 30. ágúst kl. 12 á Kirkjubæjarklaustri.

Ráðnir hafa verið tveir verkefnisstjórar til Markaðsstofunnar til að sinna DMP málum á Suðurlandi, Árný Lára er tengiliður jarðvangsins í þeirri vinnu.

- Önnur mál

Fjölgun í stjórn. Eva Björk viðraði hugmyndina, núverandi stjórnarmenn mjög önnum kafnir og oft hefur þurft að fresta fundum vegna þessa. Rifjað var upp að í núverandi samþykktum eru þrír í aðalstjórn þar sem hver og einn er fulltrúi tveggja aðila, sveitarfélags og safns/seturs. Síðan eru tveir varamenn, annar frá HfSu/HÍ en hinn frá fulltrúum ferðaþjónustunnar, en sá síðarnefndi hefur ekki enn verið skipaður. Málið rætt.

Eva Björk greindi frá viðhorfum ferðaþjónustuaðila í ferðaþjónustuklasanum Friði og frumkröftum í Skaftárhreppi um að smám saman taki jarðvangurinn yfir verkefni klasans enda fylgi núverandi fjármögnun inn í jarðvanginn í skrefum. Fimm fyrirtæki á svæðinu hafa þegar gert samning við jarðvanginn. Málið rætt ítarlega og ákveðið að halda þeirri umræðu áfram, líka gagnvart ferðaþjónustunni í hinum sveitarfélögnum tveimur.

Rætt um breytingu á skrifstofuaðstöðu framkvæmdastjóra.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 18:45